

109

14. nóv.

S A M Þ Y K K T

um

breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Reykjavík frá 5. janúar 1923.

1. gr.

4. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta og 2. ágúst frá kl. 9—13, eingöngu til sölu á brauði, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

2. gr.

Samþykkt um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Reykjavík frá 8. september 1931 er úr gildi numin.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. nóvember 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

110

21. nóv. Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Barnavinasjóð Hannesar Hafliðasonar“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 21. nóvember 1931. Skipulagsskráin er þannig:

S K I P U L A G S S K R Á

fyrir

Barnavinasjóð Hannesar Hafliðasonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt erfðaskrá skipstjóra Hannesar Hafliðasonar og heitir „Barnavinasjóður Hannesar Hafliðasonar“.

2. gr.

110

Sjóðurinn er undir stjórn og umsjón stjórnar Oddfellowstúkunnar nr. 1 „Ingólfur“.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja Barnasumardvalafélag Oddfellowa til að halda uppi sumardvölum fyrir veikluð börn, og má ekki hætta að styðja það félag nema það hafi lagzt niður eða því hafi áður verið formlega slitið samkvæmt lögum þess.

Nú heldur Barnasumardvalafélag Oddfellowa ekki uppi sumarvistum fyrir veikluð börn í fimm ár samfleytt í einhverri mynd og skal þá — og þá fyrst — líta svo á, að félagið sé hætt störfum, nema því hafi áður verið formlega slitið samkvæmt lögum þess.

Nú leggst Barnasumardvalafélag Oddfellowa niður, eða hættir að halda uppi sumarvistum í einhverju formi, sbr. 2. málsgrein þessarar greinar, þá skal ofanefnd Oddfellowstúka ákveða með $\frac{2}{3}$ atkvæða á fundi, hvernig vöxtum sjóðsins skuli varið. Fundur sá, er framangreind ákvörðun skal tekin á, skal félagsmönnum boðaður bréflega.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

4. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er fé það, er sjóðnum verður lagt út við skiptalok á búi sjóðsstofnanda, og skal sú upphæð síðar rituð á skipulagsskrána.

Höfuðstólinn ber ávallt að ávaxta á þann hátt, er stjórn Oddfellowstúkunnar nr. 1 „Ingólfs“, telur fullkomlega tryggan.

Aldrei má kaupa hlutabréf fyrir fé sjóðsins.

Verðbréf sjóðsins skulu ávallt hljóða á nafn hans.

5. gr.

Hálfum vöxtum af höfuðstól sjóðsins, unz sjóðurinn er orðinn kr. 100.000 — eitt hundrað þúsund — krónur, og $\frac{3}{4}$ hlutum ársvaxtanna eftir að sjóðurinn hefir náð greindri upphæð, skal varið samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 19. nóvember 1931.

Stjórn stúkunnar Ingólfur nr. 1, I. O. O. F.

Einar E. Kvaran. Tómas Tómasson. Finnur M. Einarsson.

Adolph Bergsson. Kristinn Sigurðsson.